123 8. sept. en þegar þau um garð gengin eru, ganga kirkjugjöld úr hinni fyrirhuguðu Innra-Hólmssókn til þeirrar kirkju, og sje hún síðan undir umsjón og fjárhaldi safnaðarins, og loks *að* messað verði í Innra-Hólmskirkju 3. hvern helgidag á sumrum, en 4. hvern á vetrum.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

124 14. sept. **Brjef landshöfðingja *til biskups* um hjónavígslu í heimahúsum án leyfisbrjefs.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra biskup, dags. 1. þ. m., viðvíkjandi vanrækslu nokkurra presta í því, að hlíða fyrirmælum tilskipunar 30. apríl 1824, að því leyti sem það hefur komið fyrir, að nokkrir prestar hafa leyfisbrjefslaust gefið hjón saman í heimahúsum, með eða án undangenginna lýsinga, og það þótt ekki væru sjerstök sjúkdómsforföll eins og gjört er ráð fyrir í 16. gr. nefndrar tilskipunar, enda vanrækt að tilkynna slíkar undantekningar samkvæmt fyrirmælum nýnefndrar greinar, skal jeg hjer með, vegna málsbóta þeirra, er þjer tilfærið, jafnframt því að tjá yður, að við svo búið má standa að því er snertir þá tvo presta, sem þjer þegar hafið veitt áminningu fyrir ofangreint embættisafbrot, þjónustusamlega leggja fyrir yður að veita öðrum prestum, sem hafa látið sjer hið sama á verða, alvarlega ofanígjöf, og tjá þeim, að þeir muni verða látnir sæta ábyrgð fyrir embættisafglöp, ef slíkt kemur fyrir optar.

Út af frekari fyrirspurnum í framannefndu brjefi yðar skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar, að það er engum vafa undirorpið, að prestum ber að senda tilkynningar þær, sem um ræðir í 16. gr. tilsk. 30. apríl 1824 með nægilegum skilríkjum til hlutaðeigandi prófasts áleiðis til biskups, og sætir það eptirlitum prófasta, að prestar vanræki ekki þessa skyldu sína, sem á þeim hvílir í hvert skipti sem heimavígsla fer fram án leyfisbrjefs, til þess að sjeð verði, hvort fullnægjandi ástæður hafi verið fyrir hendi. Allar slíkar tilkynningar ber biskupi síðan að senda til landshöfðingja einu sinni á ári. Um tilfelli þau, sem þjer hafið orðið vísari að komið hafi fyrir á undanförnum árum, þarf eigi að senda sjerstaka tilkynningu, með því að þau mál álítast til lykta leidd með áminningum þeim til prestanna, sem að framan ræðir um.

125 20. sept. **Brjef landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna* um lántöku handa prestakalli til húsbyggingar.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 19. f. m. og eptir beiðni prestsins að Kálfholti, sjera Ólafs Finnssonar, er hlutaðeigandi prófastur hefur lagt meðmæli sín með, vil jeg hjer með veita leyfi til þess, að tjeður prestur taki 2500 króna embættislán upp á Kálfholtsprestakall, til þess að koma upp á prestssetrinu Kálfholti vönduðu timburhúsi, 10 álna löngu og 10 álna breiðu, með þeirri tilhögun og þannig úr garði gjörðu, sem fram er tekið í brjefi prestsins til stiptsyfirvaldanna, dags. 20. júní þ. á., og komi hús þetta í stað innistofu, baðstofu, búrs, eldhúss og bæjardyra með göngum til baðstofu og eldhúss, svo og skemmu, er nú eru þar bæjarhús. Lántökuleyfið er bundið þeim skilyrðum:

1, að lánið sje að fullu endurborgað eigi síðar en á 25 árum með $^1/_{25}$ á ári auk vaxta.